


Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir,
skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 6. maí 2010
Tilvísun: 2010040388AT/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (561. mál á 138. löggjafarþingi). Er meginmarkmið frumvarpsins að tryggja greiðsluaðlögunarúrræði fyrir einstaklinga sem eru afmarkaðri en hin almenna greiðsluaðlögun einstaklinga en úrræði samkvæmt frumvarpinu lúta aðallega að greiðsluaðlögun einstaklinga sem setið hafa uppi með tvær fasteignir frá október 2008 og rástöfum afborgana af lánasamningum sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki.

Stofnunin hefur kynnt sér frumvarpið, en tekið skal fram að athugun hennar byggist eingöngu á sjónarmiðum sem liggja að baki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ.e. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Eftir athugun á efni frumvarpsins er það álit Persónuverndar að ákvæði þess varði ekki vinnslu persónuupplýsinga og gerir Persónuvernd því ekki við það athugasemdir.

Virðingarfyllst
f.h. forstjóra


Alma Tryggvadóttir
lögfræðingur